



Barst með tölvupósti 10. júlí 2026

Erindi: Fjólubláir bekkir

Góðan daginn.

Starfsfólki Nausts og heilsugæslunnar stóð í gær til boða að mæta á fræðslu á vegum Alzheimer samtakanna. Fræðslan var áhugaverð og gagnleg í alla staði. Í kjölfarið langar okkur að vekja athygli sveitastjórnar á Fjólubláum bekkjum sem finnast orðið víða um landið. Tilgangur þeirra er að vekja athygli á og stuðla að umræðu um heilabilun sem er mikilvægur þáttur í að minnka fordóma í samfélaginu. Við skorum á Langesbyggð að taka þátt í þessu flott framtaki. Það er afar lítið mál að taka þátt, þarf eingöngu að mála einn bekk fjólubláan og senda Alzheimer samtökunum fallega mynd af honum. Kjörið fyrir sumarstarfsfólk!

Hér er linkur á heimasíðu Alzheimer samtakanna um verkefnið:
<https://www.alzheimer.is/fjolublair-bekkir>

Bestu kveðjur,
Hjúkrunarfræðingar Nausts og Langesbyggðar
Stjórnendur Nausts